

## Erindisbréf bekkjarfulltrúa

1.

Bekkjarfulltrúar eru **tengiliðir foreldra við kennara og annað starfsfólk skóla.**

- Bekkjarfulltrúar aðstoði eða sjái um að kennari fái aðstoð við vettvangsferðir, skemmtanir eða önnur verkefni sem kennari óskar aðstoðar við.
- Bekkjarulltrúar sjá um að koma vinahópastarfi af stað þar sem það er í gangi.

2. Bekkjarfulltrúar eru **tengiliðir foreldra innbyrðis.**

- Þeir aðstoða foreldra í bekknum við að koma hugmyndum sínum á framfæri, hvort sem það snýr að námi og kennslu eða félagslífi. Þeir aðstoða foreldra við að samræma útvistarreglur, afmælisgjafir og ýmislegt annað er varðar almenna samræmingu í uppeldi. Þeir geta líka átt frumkvæði að skemmtunum og fræðslu fyrir nemendur bekkjarins og fjölskyldur þeirra.

3. Bekkjarfulltrúar eru einnig **tengiliðir foreldra við stjórn foreldrafélagsins.**

- Fulltrúar eru ábyrgir fyrir að mæta á bekkjarfulltrúafundi tvisvar á vetri þar sem lagðar eru línur fyrir vetrarstarfið. Komist þeir ekki skulu þeir kalla aðra til.
- Þeir skulu einnig aðstoða stjórn félagsins með nefndarstörf eða önnur verkefni sem til falla.

### Hugmyndir að bekkjarskemmtunum:

Bekkjarkvöld, til dæmis þar sem nemendur skemmta foreldrum en einnig er hægt að spila bingó, félagsvist, leika leiki, sýna dans, fara í ratleik, syngja eða fönndra saman. Þá geta fjölskyldur barnanna skipulagt sameiginlega íþróttaiðkun, farið í gönguferðir, í leikhús á bókakynningar eða farið í annars konar menningarferðir. Þegar vora fer er hægt að fara í fjöruferð, hjólreiðaferð, fuglaskoðun, vorferðalag, sund, lautarferð o.s.frv.

